

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum afurða nautgripa og sauðfjár hluta sérstaks fódurgjalds, sem lagt er á innflutt fóður við tollafgreiðslu, sbr. reglugerð nr. 129/30. mars 1987. Endurgreiðslan skal vera 75/80 hlutar af álögdðu sérstöku fódurgjaldi. Af sérstöku fódurgjaldi renna sem næst 5/80 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðar-ráðherra samþykkir.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu gjaldsins í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fódurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi, ann þ hvort með milligöngu fódursala eða beint af endurgreiðslureikningi. Sami aðili getur ekki látið fódursala annast um hluta endurgreiðslanna og annast hinn hlutann sjálfur, heldur verður hann að velja aðra hvora leiðina.

3. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fódurgjaldi, þó leið að fódursali annist endurgreiðsluna, og gefur hann þá viðkomandi fódursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Aður en Framleiðsluráð landbúnaðarins getur frá endurgreiðslu til fódursalans, skal umboð hans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

4. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fódurgjalds vegna afurða nautgripa og sauðfjár skal miðuð við framleiðslumagn. Hverjum framleiðanda skal þó ekki endurgreitt fjóru gjald á mjólk eða kindakjöt sem er umfram fullvirðisrétt hans. Endurgreiðsla vegna framleiðslu á mjólk fer fram mánaðarlega eftir skýrslum um innvegna mjólk til mjólkurbúa og á sama hátt til þeirra, sem selja mjólk beint til neytenda. Skýrslur um beina sölu mjólki r skulu staðfestar af oddvitum eða hreppstjórum. Fódurgjald vegna framleiðslu á nautgripa- og kindakjöti skal endurgreiða eftir framleiðsluskýrslum sláturleyfishafa, staðfestum af kjótmatsmanni.

5. gr.

Endurgreiðsla fódurgjalds af afurðum nautgripa og sauðfjár verði framkvæmd þannig, að Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar fyrir hvern mánuð hverju hið sérstaka fódurgjald nemur að meðaltali í verði kjarnfóðurs, annars vegar til mjólkurframleiðslu og hins vegar til framleiðslu kjöts. Hinn endurgreiðanlega hluta skal miða við, að til framleiðslu á einum lítra mjólkur fari 130 grömm af innfluttu kjarnfóðri, til framleiðslu á einu kílógrammi nautgripakjöts 850 grömm og til framleiðslu á einu kílógrammi dillakjöts 290 grömm. Sérstakt fódurgjald endurgreiðist ekki á framleiðslu kýrkjöts, ungkálfakjöts eða á kjöt af fullorðnu fé.

Endurgreiðsla á fódurgjaldi vegna hrossaræktar getur aðeins náð til þess fóðurs sem selt er sem sérmerkt hrossafóður.

6. gr.

Á skýrslum afurðastöðva yfir endurgreiðslur skv. reglugerð þessari skal koma fram nafn, nafnnúmer og heimilisfang framleiðandans, tegund og magn afurðar og framleiðslu-

tímabil. Fóðurgjald endurgreiðist ekki öðrum framleiðendum en þeim sem láta löggilta afurðastöð, sbr. l. nr. 46/1985, annast meðferð afurðanna og skýrslugerð eða setja mjólk beint til neytenda. Afurðastöðvum er skylt að gefa Framleiðsluráði landbúnaðarins þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til að endurgreiðsla geti farið fram.

7. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að endurgreiða framleiðendum nautgripa- og sauðfjárafurða, umfram það sem útreikningur skv. 6. gr. leiðir til, vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem hefur valdið því, að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiði framleiðendum eftir þeim gögnum, sem það telur nauðsynleg. Skylt er að leggja fram vottorð dýralæknis, sé um sjúkdóma að ræða.

8. gr.

Heimilt er að greiða framleiðendum hluta sérstaks fóðurgjalds með skuldajöfnunarávísunum endurgreiðslureiknings. Framleiðendum er heimilt, við kaup á kjarnfóðri, að framselja skuldajöfnunarávísun til fóðursala, sem framvísar henni til endurgreiðslureiknings til greiðslu á fóðurgjaldi, sem greitt hefur verið með skuldaviðurkenningu við innflutning. Óski framleiðandi innlausnar á skuldajöfnunarávísun frá endurgreiðslureikningi, er heimilt að fresta innlausn í allt að fjóra mánuði frá útgáfudegi. Skuldajöfnunarávísun skal útgefin á nafn framleiðanda eða umboðsaðila hans.

9. gr.

Nú liggur fyrir samþykkt Stéttarsambands bænda um að ákveðinn hluti hins sérstaka fóðurgjalds renni til sameiginlegra verkefna í þágu nautgripa- eða sauðfjárræktar. Er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að greiða til verkefnisins þann hluta gjaldsins í stað þess að greiða það hverjum framleiðanda. Stéttarsamband bænda skal leita tímabundinnar heimildar landbúnaðarráðherra fyrir því hlutfalli, sem skal ráðstafa hverju sinni á þennan hátt, og þá greint frá þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru. Eru endurgreiðslur skv. þessari málsgrein því aðeins heimilar, að sú heimild hafi verið veitt.

Framleiðsluráði er heimilt að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra að endurgreiða sérstakt fóðurgjald af sérmerktu hrossafóðri sem selt er af fóðursölum skv. sölu-skýrslum. Endurgreiðslan gangi til félagslegra verkefna er samþykkt hafa verið í Félagi hrossabænda.

Endurgreiðslur skv. 5. gr. taka breytingum eftir því sem ákveðið kann að verða skv. þessari grein.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 399 8. nóvember 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að beita ákvæðum 9. gr. þessarar reglugerðar um endurgreiðslur fyrir afurðir nautgripa, sem framleiddar eru eftir 1. janúar 1987 og fyrir sauðfjárafurðir, framleiddar frá og með verðlagsárinu 1985/86.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. maí 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.